

RANNSÓKNASKÝRSLUR FORNLEIFAEILDAR 1992

III

ATHUGUN Í KIRKJUGARÐI

HRAUNGERÐISKIRKJU Í


HRAUNGERÐISHREPPI

18. júní.

Mjöll Snæsdóttir, Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson

FORNLEIFAEILD ÞJÓÐMINJASAFNS ÍSLANDS

1992 REYKJAVÍK



(C) 1992 Mjöll Snæsdóttir, Adolf Friðriksson  
og Garðar Guðmundsson

Rit þetta má ekki afrita á neinn hátt, að hluta eða í heild án leyfis  
höfunda.

Skýrslan er fjölrituð í 10 eintökum

**ATHUGUN Í KIRKJUGARÐI  
HRAUNGERÐISKIRKJU Í  
HRAUNGERÐISHREPPI,  
ÁRNESSÝSLU 18. JÚNÍ 1992.**

**Reykjavík 1992**

**Mjöll Snæsdóttir, Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson**

**EFNISYFIRLIT**

<b>Inngangur</b>	<b>3</b>
<b>Aðdragandi</b>	<b>3</b>
<b>Rannsóknin</b>	<b>4</b>
<b>Hola 1</b>	
<b>Hola 2</b>	
<b>Hola 3</b>	
<b>Hola 4</b>	
<b>Hola 5</b>	
<b>Hola 6</b>	
<b>Hola 7</b>	
<b>Hola 8</b>	
<b>Niðurlag</b>	<b>10</b>
<b>Fundaskrá</b>	<b>11</b>
<b>Skrá yfir frumgögn</b>	<b>11</b>
<b>Mynd 1 Afstöðumynd af kirkju og kirkjugarði í Hraungerði</b>	<b>4</b>
<b>Mynd 2 Sniðteikning af vesturhlið holu 1</b>	<b>6</b>

## INNGANGUR

Þann 16. júní 1992 hafði Ólafur Sigurðsson smiður frá Forsæti í Villingaholtshreppi samband við fornleifadeild Þjóðminjasafns. Við viðgerðir á Hraungerðiskirkju höfðu fundist mannabein og óskaði hann eftir að starfsmenn safnsins könnuðu þennan fund nánar. Að ósk fornminjavarðar fóru Mjöll Snæsdóttir, Adolf Friðriksson og Garðar Guðmundsson á vettvang 18.júní 1992 og gerðu athugun á staðnum. Var umfang jarðraskisins kannað og jarðlög og beinafundir skráðir, en svæðið kortlagt.

Í þessari skýrslu er greint frá því verki.


## AÐDRAGANDI

Kirkjan í Hraungerði var reist árið 1902. Stendur hún á grjótbálki úr hraungrýti, og hafa suður- og norðurhliðar undirstöðunnar sigið. Við viðgerðir á kirkjunni árið 1992 hefur m.a. verið unnið að styrkingu á undirstöðunni. Grafnar voru holur undir hornum og suður- og norðurhliðum, grjótbálgurinn fjarlægður svo og jarðvegur, niður á berghelluna. Þegar þessar holur voru teknar komu fram mannabein og var verki því hætt að sinni. Við vettvangsathugun 18. júní 1992 voru þessar holur kannaðar.

Hraungerðiskirkja  
Hraungerðishreppi  
Arn.

Afstada: holur fyrir  
steypjar undirstöður.

18.6.1992, MS/GG




## RANNSÓKNIN

Þegar komið var á vettvang höfðu verið grafnar átta holur misdjúpar, undir og við kirkjuna (sjá mynd 1). Beinaleifar höfðu fundist í tveimur holum. Við rannsóknina voru holunum gefin númer. Hóla 1 er hola sem tekin var undir norðvesturhorni og númer holanna hækka réttisælis í kring um kirkjuna. Verður nú hverri holu lýst fyrir sig.

### Hóla 1

Þessi hóla var sú dýpsta sem tekin var við lagfæringuna á kirkjuna. Voru um 2.94 m niður á fastan grundvöll. Beinaleifarnar fundust á um 2.10 m dýpi. Sjá mátti móta fyrir gröf (Gröf 1) í vestur- og austurhliðum holunnar. Teiknað var snið af vesturhlið (sjá mynd 2). Neðst í holunni var óhreyfður jarðvegur, ljósbrúnn á lit og fremur grófkornóttur. Ofan hins, á um 2.50 m dýpi, var tvílitt gjóskulag, ljóst að neðan en dökkgrænt ofan. Lagið var um 1.2 sm breitt. Má ætla að þetta sé hið svonefnda landnámslag. Um einum sentrimetra ofan þessa lags var annað gjóskulag, svart og um eins sentimetra þykkt. Svo virðist sem það hafi fallið skömmu eftir landnámsgjósku. Yfir gjóskulögunum var brún mold með rauðri slikju og gráum leirfleckjum. Hafði gröfin, sem beinin komu úr, verið tekin í þetta lag. Botn grafarinnar var á 2.10 m dýpi, en gröfin virtist einungis um 42 sm djúp. Yfir gröfinni var um 1-2 sm þykkt lag af gráum leirkenndum jarðvegi. Fyllingin í gröfinni var samskonar jarðvegur og sá, er lá yfir henni, ljósbrún mold, fremur þétt og ögn fitukennd og með torfusneplum.

Í sniðinu kom fram torfhleðsla. Neðri brún hennar var á 1.60 m dýpi, en hleðslan var 20 - 30 sm há. Náði hún yfir þvera vesturhlið skurðarins, en var ekki sjáanleg annars staðar. Þessi hleðsla lá að grjótbálkinum sem reistur var 1902. Slitrur af landnámslaginu sást í torfinu við bálkinn.



0

100 sm

Hraungerði, Hraungerðishreppi.  
Snið holu 1. Vesturhlið.  
18.06 1992. A.F.



Yfir torfhleðslunni var ljósbrúnt leirkennt moldarlag með einstöku sótflekkjum og torfusneplum. Þetta lag lá jafnframt undir grasrótarláginu. Í því miðju, á 75 sm dýpi, var sem vottaði fyrir annari gröf. Þar var dökkbrún, þráðbein rönd, ekki ósvipuð viðarleifum og ofan hennar líktist jarðvegurinn talsvert beinamold. Ekki varð þó vart við bein eða önnur ummerki þar.

#### Hola 2

Þessi hola var 3.10 m austan við norðvesturhorn kirkjunnar. Hún var um 1.40 m á hvorn veg. Þegar komið var á vettvang var holan eins metra djúp, og hafði því ekki verið grafið niður á fastan jarðveg, en skömmu eftir að leiðangursmenn fóru af staðnum fannst þar hauskúpa af manni og leifar af annarri. Taldi Ólafur að hauskúpan hefði legið á um 1.80 m dýpi. Yfir henni hefðu verið trjáleifar, eins og úr kistuloki. Hin kúpan, sem verr var farin, hefði verið ofar og hefði sú gröf snúið aðeins öðru vísi við áttum. Virðast því þarna vera tvær grafir, gröf 2 og 3.

#### Hola 3

Þessi hola var 6.55 m frá norðausturhorni kirkjunnar og var svipuð að ummáli og hola 2. Var hún ekki fullgráfin þegar komið var á vettvang, einungis um 80 sm djúp.

#### Hola 4

Undir norðausturhorni kirkjunnar hafði verið stunginn upp grassvörðurinn, en engin hola grafin og því engar beinaleifar eða aðrar fornleifar komið í ljós þegar hér var komið sögu.

#### Hola 5

Undir suðausturhorni kirkjunnar hafði verið grafin hola, sem var um 1.50 á hvorn veg

og um 1.30 m djúp. Engar beinaleifar eða aðrar fornleifar höfðu komið í ljós þegar hér var komið sögu.

#### Hola 6

Þessi hola var 6.55 m frá suðausturhorni og var einn metri á hvern veg og um 1.30 m djúp. Engar beinaleifar höfðu komið í ljós þar.

#### Hola 7

Þessi hola var 3.10 m frá suðvesturhorni og var um 90 sm breið á hvorn veg. Hafði hún verið grafin niður á fastan grundvöll og var dýpst um 2.30 m. Í botni holunnar voru hraunhellur, en ofan þeirra var óhreyfður jarðvegur og í hann höfðu þrjár grafir verið teknar. Gröf 4 var beint undir grjótbálinum. Hafði verið rótað við henni við uppgröftinn og nokkur bein komið upp. Voru beinin tekin og gefið fundanúmer. Gröfin sást í vesturhlið skurðarins. Hún var á um 2.40 - 2.50 m dýpi, en útlínur hennar fremur óljósar. Þó virðist sem að austurendi hennar standi fram úr stálinu og því sé gröfin að mestu óspillt. Í suðurhlið holunnar komu í ljós grafir 5 og 6. Gröf 5 liggur vestar og er austurendi hennar greinilegur í stálinu. Hún nær um 95 sm frá austurbrún og 60 sm frá suðurbrún. Botn grafarinnar er á 2.10 m dýpi og gröfin er 40 sm djúp. Gröf 6 liggur 25 sm austan við gröf 3, á 2.40 sm dýpi og um 55 sm djúp. Gröfin hefur verið tekin niður á hraunið sem er undir lausa jarðveginum. Hún nær um 70 sm frá austurbrún, en um 60 sm frá suðurbrún og er því í línu við gröf 6 og gengur inn í austurhlið skurðarins. Grafir 5 og 6 eru nánast óhreyfðar og holan náð að norðurhliðum þeirra án þess að raska við beinum. Ekki sást til landnámslagsins eða annarra gjóskulaga í þessari holu.

#### Hola 8

Undir suðvesturhorni kirkjunnar var tekin um 1.50 m löng og um 1.30 m breið hola.

Dýpst var hún um tveir metrar. Í þessari holu komu fram bein við jarðraskið og voru þau tekin upp. Hafa þau líklega komið úr gröf sem sést móta fyrir í suðurhlið skurðarins, gröf 7. Þar kom fram holrými með lausri mold. Botn grafarinnar var á 1.70 m dýpi, en gröfin hefur verið um 35 sm djúp.

## NIÐURLAG

Eftir athugun á jarðraski og beinafundum við Hraungerðiskirkju er ljóst að þar hafa komið fram fornar kristnar grafir. Grafir 1 og 4 liggja undir grjótbálki kirkjunnar sem nú stendur (frá 1902). Eldri kirkjur á Hraungerði hafa því verið minni en sú kirkja, er nú stendur, eða jafnvel staðið á öðrum stað.

Grafirnar eru ofan landnámsgjóskunnar þar sem til hennar verður séð og efri brún grafar nr. 1 er rúmlega 70 sm ofan gjóskulagsins, en ekki verður getum leitt að því frá hvaða tíma þessar grafir eru.

Torfhleðslan, sem kom í ljós í holu 1, kann að vera vegghleðsla úr eldri kirkju á staðnum, en ekki er unnt að fullyrða um það efni án frekari rannsóknar.

Að lokum má geta þess, að Ólafur Sigurðsson smiður hefur farið að öllu gætilega við vinnu á undirstöðum kirkjunnar og eru fornleifar þar ekki í hættu. Ekki er lagt til að frekari rannsóknir verði unnar á staðnum vegna þessara funda en þess er vænst að skýrsla þessi kunni að vera að gagni ef síðar verði gerðar rannsóknir á kirkjunni og kirkjugarðinum í Hraungerði.

## FUNDALISTI

<u>Nr.</u>	<u>Heiti</u>	<u>Efni</u>	<u>Staðsetning</u>	<u>Lýsing</u>
HRG-1992:1	Mannabein	bein	hola 1	10 brot, morkin
HRG-1992:2	Mannabein	bein	hola 1	1 brot úr hausnúpu
HRG-1992:3	postulínsbrot	postulín	hola 1	
HRG-1992:4	mannabein	bein	hola 7	3 brot, morkin
HRG-1992:5	mannsbein	bein	hola 8	3 brot, morkin
HRG-1992:6	trébútar	tré	hola 8	2 brot, fúin

## SKRÁ YFIR FRUMGÖGN

Sniðteikning af holu 1, vesturhlið.

Grunnteikning, afstöðumynd

Grunnteikning, afstöðumynd

Fimm vasabókarblöð

Fundaskrá (6 blöð)

Ljósmyndir (10 myndir (6x6 filma, s/h); 14 myndir (35mm filma, s/h); 10 litskyggjur (35mm filma))

Ljósmyndaskrá ( 2 blöð)